

**Sþ. 160. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]**

um breytingu á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., dags. 27. maí 1960.

Flm.: Jón G. Sólnes.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera breytingar á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sem nú er í gildi. Verði breytingin við það miðuð, að öll gjaldeyris- og innflutningsviðskipti verði auðveldari í framkvæmd en nú er, t. d. með því að minnka verulega eyðublaðanotkun, skýrslugerðir og þá umfangsmiklu skriffinnsku, sem nú er samfara afgreiðslu slíkra mála. Áherzla verði lögð á það, að ákvæði um vegferð fjármagns að og frá landinu verði gerð mun auðveldari en nú er. Bent er á sem áfanga í þessu máli, að við væntanlegar breytingar á umræddri reglugerð sé við það miðuð, að ákvæði um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. verði hér á landi með svipuðum hætti og gerist í nágrennanlöndum okkar, t. d. í Danmörku. Stefnt verði að því, að væntanlegar breytingar á fyrrgreindri reglugerð taki gildi hið allra fyrsta og eigi síðar en 1. apríl 1973.

**Greinargerð.**

Þegar núgildandi reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. var gefin út hinn 27. maí 1960, var stórt spor stigið í þá átt að gera öll mál varðandi gjaldeyris-, innflutnings- og fjárfestingarmál auðveldari í framkvæmd en verið hafði. Þjóðin hafði um áratugi búið við margs konar kerfi hafta og takmarkana í sambandi við þessi mál, sem á margvíslegan hátt hafði beinlínis verið dragbitur á alla athafnasemi, framkvæmdamöguleika og fjármagnssköpun einstaklinga og fyrirtækja og um leið eðlilegs hagvaxtar þjóðarinnar í heild. Tilkoma fyrrgreindrar reglugerðar var því vissulega mikil úrbót á því vandræðaástandi, sem ríkt hafði í þessum málum til þess tíma, að hún tók gildi.

Á þeim rúmum áratug, sem liðinn er frá því, að fyrrgreind reglugerð var gefin út, hafa hins vegar orðið svo órar breytingar í heiminum á sviði viðskipta og þá sérstaklega fjármagnsflutnings almennt, að nú er svo komið að dómi flm. þessarar tillögu, að mörg ákvæði núgildandi reglugerðar eru orðin algerlega úrelt og standa beinlínis í vegi fyrir eðlilegum hagvexti þjóðarinnar í heild.

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá er högum okkar þann veg farið nú, að við erum frá því að vera einangruð þjóð komnir í miðja þjóðbraut að því er snertir samskipti þjóðanna, og er þátttaka okkar í hinum mörgu alþjóðastofnunum, sem við höfum gerzt aðilar að, glöggst dæmi þessum staðhæfingum til sönnunar.

Staðreyndirnar blasa því við okkur á þann hátt, að ef við ætlum okkur ekki að dragast aftur úr á sviði viðskipta- og fjármagnssköpunar, þjóðinni til ómetanlegs tjóns, verðum við að haga athöfnum okkar á viðskipta- og fjármálasviðinu á þann veg, að þær samrýmist alþjóðlegum leikreglum.

Flm. telur því, að brýnasta nauðsynin til úrbóta í þessum málum og um leið sú auðveldasta sé að gera hið fyrsta breytingar á reglugerð þeirri, sem rætt er um í þingsályktunartillögu þessari. Alveg sérstaka áherzlu leggur flm. á nauðsyn þess, að gerðar verði ráðstafanir til þess að gera vegferð fjármagns að og frá landinu greiðari en nú er. Flm. vill benda á þá kosti, sem að hans áliti eru fólgnir í því, að hægt er á mjög svo auðveldan hátt að lagfæra með reglugerðarbreytingu helztu annmarkana, sem hann telur vera á þessum málum, í stað þess að þurfa að samþykkja laga-breytingu, sem þarfnast mundi mikillar undirbúningsvinnu og margs konar athugana, sem að sjálfsögðu tækju langan tíma og frestuðu um of þeim aðgerðum, sem flm. telur, að þurfi að koma til framkvæmda hið allra fyrsta.